

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 10	Dagsetning	4. desember 2018	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	GP			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Gissur Pétursson (GP), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Svanhvít Jakobsdóttir (SJ) og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	HÓS, KLÁ, ÁG.			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. desember 2018

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (30. október 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Framhald félagsfundar um kjararáð

GP upplýsti stjórnina um fund sem GP, MH, MG og JÁJ um fund sem þau áttu með Umboðsmanni Alþingis þann 21. nóvember sl. UA var sammála stjórn FFR um að ákvörðun KMR um laun og kjör forstöðumanna ríkisstofnana væri stjórnvaldsákvörðun. Hann lagði áherslu á vandaða stjórnarsýslu við meðferð þeirra erindia sem fyrir liggja og andmælarétt forstöðumanna.

### 3. Nýtt launakerfi – staða og framhald

Enginn forstöðumaður virðist hafa verið boðaður á fund með sínu fagráðuneyti til að ræða nýtt launakerfi og launaröðun. Stjórn FFR hefur áhyggjur af því ferlið við að tilkynna forstöðumönnum um nýja launaákvörðun gangi ekki hraðar en raun ber vitni. Stjórnin óttast að þetta geti leitt til þess að óánægja forstöðumanna verði meiri en ella.

Kjara- og mannauðssýsla virðist frekar hafa samband við ASÍ varðandi launaákvörðun forstöðumanna ríkisstofnana heldur en stjórn FFR.

### 4. Auglýsingar starfa forstöðumanna

GP upplýsti stjórnina um fund sem GP, MH, HÓS og JÁJ áttu með menntamálaráðherra þann 14. nóvember sl. Stjórnin samþykkti að óska eftir því við menntamálaráðuneytið að fá afrit af bréfi ráðuneytisins vegna auglýsingar forstöðumanna Stofnunar Árna Magnússonar.

Upplýst var á fundinum að heilbrigðisráðherra hefur tilkynnt félagsmanni að til standi að auglýsa embætti félagsmannsins laust til umsóknar. Forstöðumaðurinn hefur ekki fengið bréf þar sem fram kemur einstaklingsbundið mat ráðherra og rökstuðningur fyrir ákvörðun sinni um að auglýsa. Forstöðumenn vita almennt ekki hvort að þeir séu að standa sig í starfi og ef ekki, hvað þurfi til. Stjórn FFR samþykkti að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

Í framhaldinu fór fram umræður um tímabundnar ráðningar og auglýsingar vegna þeirra.

### 5. Annað

Samþykkt var að halda jólafund á Grand hótél fimmtudaginn 20. desember. GP kannar með að fá fyrirlesara.